



1. Uppeldis- og kennslufræði

Kennari þekkir og skilur:

- 1 — Hlutverk sitt við að standa vörð um og stuðla að menntun og farsæld barna.

Kennari býr yfir hæfni til að:

- a Mæta námslegum, félagslegum og persónulegum þörfum nemenda og skipuleggja nám og kennslu út frá líkamlegum, tilfinningalegum og vitsmunalegum þroska þeirra.
- b Skilja hvernig bakgrunnur og reynsla nemenda hefur áhrif á nám, líðan, hegðun og samskipti, þ.m.t. sértækir námserfiðleikar og geð- og þroskaraskanir.
- c Bera kennsl á og bregðast við þörfum barna með ólíkan bakgrunn.
- d Nýta árangursríkar aðferðir til að hafa jákvæð áhrif á hegðun, líðan og félagsfærni barna og stuðla að farsæld þeirra.

Kennari þekkir og skilur:

- 2 — Inntak, aðferðir og orðræðu þeirra náms- og greinasviða sem hann kennir.

Kennari býr yfir hæfni til að:

- a Aðlaga inntak faggreina, náms- og greinasviða í samræmi við aldur, þroska og þarfir nemenda.
- b Velja námsáherslur og kennslu- aðferðir í samræmi við þekkingu og inntak faggreina, náms- og greinasviða.
- c Nýta tengsl ólíkra faggreina, náms- og greinasviða í kennslu.
- d Nýta stafræna tækni í kennslu.

Kennari þekkir og skilur:

- 3 — Helstu rannsóknar- og greiningaraðferðir og opinber stefnuskiöl sem nýtast í námi og kennslu.

Kennari býr yfir hæfni til að:

- a Auka við þekkingu sína með aðferðum sem nýtast til ígrundunar og við mat á eigin starfi.
- b Nýta fjölbreyttar aðferðir í námi og kennslu, sem meðal annars styðja við inngildandi skólastarf og farsæld barna.
- c Meta gæði rannsókna á kennslu og skólastarfi og hagnýta niðurstöður við þróun eigin starfs.

